

Reykjavík, 1. febrúar 2019

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka

Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,25% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Frá og með 1. nóvember 2017 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,25% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin auknum. Eiginfjárukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 15. maí 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 1,75% og mun hækkunin taka gildi 15. maí 2019.²

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 19. desember 2018 beindi fjármálastöðugleikaráð rökstuddum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka um 0,25 prósentur.

Fjármálaeftirlitið tók í dag ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs.

Fjármálaeftirlitið hefur birt hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum ákvörðun sína og er hún hér með birt opinberlega í samræmi við 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka

Tilgangur sveiflujöfnunaraukans er að minnka líkur á að fjármálafyrirtæki dragi um of úr lánveitingum á áfallatímum þar sem það getur ýkt niðursveifluna í hagkerfinu. Sveiflujöfnunaraukanum er þannig ætlað að milda áhrif fjármálasveiflna á raunhagkerfið. Þessu markmiði er náð með því að byggja hann upp í upptakti fjármálasveiflunnar og losa hann þegar krepur að í fjármálakerfinu

Miðað við reynslu á alþjóðavettvangi og hér á landi ætti fjármálasveiflan að vara lengur og vera stærri umfangs en hagsveiflan. Ekki er því óvenjulegt að hagkerfi gangi í gegnum efnahagslægd í uppgangi fjármálasveiflunnar áður en sameiginlegur samdráttur á sér stað í fjármála- og raunhagkerfinu. Út frá framangreindu og þróun innlendra hagstærða má álykta að upptaktur fjármálasveiflunnar muni halda áfram á komandi misserum þrátt fyrir að slaki hafi myndast í hagkerfinu. Fjármálaeftirlitið tekur því undir með fjármálastöðugleikaráði að tilefni sé til að halda áfram uppbyggingu sveiflujöfnunaraukans.

Miðað við hlutfall skulda af landsframleiðslu er skuldsetning heimila og fyrirtækja á Íslandi í meðallagi samanborið við önnur þróuð ríki. Íslensk heimili eru meðal þeirra skuldsettustu á Evrópska efnahagssvæðinu ef litið er til skulda heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur. Hlutfall

¹ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.

² Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

Íbúa hér á landi sem eiga íbúðarhúsnæði er hátt. Á móti kemur að Ísland er efst á lista ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu hvað varðar hlutfall íbúa sem eiga íbúðarhúsnæði veðsett með fasteignaláni. Miðað við framangreindar upplýsingar telst ástæða til að vakta vel áhrif aukins skuldavaxtar einkageirans. Sá vöxtur sem hefur verið í heildarskuldum einkageirans undanfarin ár hefur reynst mestur í skuldum fyrirtækja. Hlutfall skulda fyrirtækja á móti landsframleiðslu hefur hækkað frá því á síðasta ári og hefur hún verið mest frá því að síðast var ákveðið að hækka sveiflujöfnunaraukann, hinn 15. maí 2018. Skuldavöxtur heimila hefur einnig tekið við sér. Á árunum 2015-2017 hækkaði fasteignaverð hratt og slakað var á lánaskilyrðum en skuldavöxtur óx ekki að sama skapi. Sögulega hefur slík þróun oft reynst undanfari aukins skuldavaxtar. Mikilvægt er að heimilin nýti sér ekki aukið veðrymi til að auka við skuldsetningu í miklum mæli og stuðli með því að frekara ójafnvægi.

Lagt var mat á jafnvægi á húsnæðismarkaði með því að skoða samhengi verðs á húsnæðismarkaði og þeirra undirstöðuþátta sem ákvarða framboð og eftirspurn til lengri tíma. Verð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað á svipuðum hraða og kaupmáttur heimila undanfarin ár en miðað við aðra grunnþætti eru merki um ójafnvægi á húsnæðismarkaði. Ef húsnæðisverð heldur áfram að hækka samhliða skuldavexti gætu heimili orðið viðkvæmari fyrir skarpri niðursveiflu í eignaverði. Það þarf því að gæta vel að viðnámsþrótti fjármálafyrirtækja, bæði fyrir beinu tapi vegna taps á fasteignalánum og óbeinu tapi ef minna eigið fé heimila og þyngri greiðslubyrði leiðir til minni eftirspurnar og umsvifa í efnahagslífinu.

Í áföllum er algengt að verð á atvinnuhúsnæði lækki skarpt og sögulega hafa fjármálafyrirtæki tapað verulegum fjárhæðum á lánum sem tengjast atvinnuhúsnæði. Útlánaáhætta fjármálafyrirtækja eykst því þegar verð atvinnuhúsnæðis hækkar mikið á sama tíma og útlán tengd atvinnuhúsnæði aukast. Áframhaldandi verðhækkunar á atvinnuhúsnæði gætu leitt af sér aukna hættu á snörpum verðlækkunum sem hefðu neikvæð áhrif á lánasöfn fjármálafyrirtækja.

Innflæði erlends lánsfjár getur magnað skuldaveifluna og ójafnvægi byggst upp í ytri stöðu þjóðarbúsins. Stóru viðskiptabankarnir hafa fjármagnað sig í auknum mæli á erlendum lánsfjármörkuðum undanfarin ár. Nýverið hefur útlánavöxtur þeirra til fyrirtækja í erlendum gjaldmiðli mælst jákvæður miðað við fast gengi. Hvort þetta séu merki um að aukin erlend fjármögnun bankanna sé að stuðla að auknum skuldavexti mun koma í ljós á komandi misserum.

Með vísan til framangreinds og tilmæla fjármálastöðugleikaráðs kveður Fjármálaeftirlitið á um 2% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin auknum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, og að hann taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun stofnunarinnar. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.³

³ Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.